

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Vogum.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga er heimilt að leggja á árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphirðugjald

16.110 kr. pr. sorptunnu

Sorpeyðingargjald

25.060 kr. pr. fasteignanúmer

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Vogum nr. 76/2016.

Vogum, 19. janúar 2017.

Ásgeir Eiríksson bæjarstjóri.